



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/2336*  
*komudagur 6.5.2004*

Reykjavík 5. maí 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 881. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum, 881. mál.

Frumvarpið er unnið í nánú samstarfi við stjórn Nýsköpunarsjóðs, þar sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands hefur tekið virkan þátt í undirbúningi málsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu miða breytingarnar sem lagðar eru til að því að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtæki. Annars vegar með því að bæta eiginfjárstöðu Nýsköpunarsjóðs. Hins vegar með því að heimila Nýsköpunarsjóði að leggja fé í framtakssjóði með öðrum sjóðum og skapa þannig aukið fjármagn til nýrra fjárfestinga.

Alþýðusamband Íslands styður framangreind markmið frumvarpsins og efni þess og leggur til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ